

## Dagskrá stjórnarfundar nr. 10

3. apríl 2013 kl. 16:00 á skrifstofu HRFÍ

**Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Kristín Howser, Guðmundur A Guðmundsson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Ólafur E. Jóhannsson (sem vék af fundi kl.17.00)**

### 1. Framboð til stjórnar Hundaræktarfélags Íslands 2013.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rann út 30. mars sl.

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara.

Í ár skal kjósa formann sérstaklega til tveggja ára, sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára og einn varamann til tveggja ára

Neðangreindir félagsmenn skiluðu inn framboði fyrir tilskilinn framboðsfrest:

Jóna Th. Viðarsdóttir til endurkjörs í formannskjöri

Arinbjörn Friðriksson í stjórn

Herdís Hallmarsdóttir í stjórn

Brynja Tomer í varastjórn (til vara í aðalstjórn)

Samkvæmt þessu er sjálfkjörið í stjórnarsæti, sem kosið er um á næsta aðalfundi.

Tilkynning með nöfnum frambjóðenda var sett á heimasíðu félagsins 2. apríl og jafnframt send á póstlista félagsins. Kynning á frambjóðendum skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

### 2. Grundvallarreglur HRFÍ

Endurskoðun á grundvallareglum frá Guðmundi A. Guðmundsyni. Stjórn er sammála um tillögur Guðmundar. Vangaveltur um grein 2.8. Skv. FCI International Breeding Strategies 3 gr. þá ætti þörun milli alsystkina, móður og sonar eða föður og dóttur aldrei að eiga sér stað. Við þurfum því að breyta gr.2.8 til samræmis við það. Fá lögfræðialit á lið 1.3 og þegar að reglurnar eru tilbúnar leggja þær fyrir aðalfund félagsins.

**Frestað**

### 3. Endurskoðaðarv eiðþrófsreglur fyrir tegundahóp 7

**Bókun síðasta stjórnarfundar:**

Stjórn er sammála um að senda til deildanna og dómarráðs til umsagnar áður en stjórn tekur afstöðu til málsins.

**Frestað**

### 4. Erindi frá ræktunardeild Siberian Husky um breytingu á reglugerð um skráningu í ættbók. Erindi frá síðasta stjórnarfund.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu hafa 79 Siberian Husky hundar verið mjaðmamyndaðir frá árinu 2008 (ekkert fyrir þann tíma). Niðurstaða:

85% eru með A mjaðmir

10% eru með B mjaðmir

5% eru með C mjaðmir

**Enginn hefur greinst með D eða E mjaðmir**

**Stjórn telur þetta ekki tímabært að svo stöddu, en ráðleggur deildinni að byrja á að setja inn tilmæli til sinna félagsmanna að mynda fyrir þörun.**

### 5. Reglur um Dómarráð fyrir tegundahóp 7.

Umsagnir hafa borist frá :

Írsk setterdeild þann 20. janúar 2013.

Vorstehdeild þann 30. janúar 2013.

Fuglahundadeild þann 31. janúar 2013.

**Frestað**

## 6. Erindi frá dómaraaráði veiðiprófsdómara í tegundahópi 7

Samanber samþykkt dómaraáðs í fundargerð frá 17. og 31. janúar sl. þá hefur dómaraáð samþykkt umsóknir Vilhjálms Ólafssonar og Hennings Þór s Aðalmondssonar til að hefja nám til fuglahundadómara. Meðfylgjandi eru umsóknir aðila á samt staðfestingu á gildu veiðikorti.

**Samþykkt**

## 7. Umsögn laganefndar HRFÍ

**Bókun á síðasta stjórnarfund:**

Málinu frestað til næsta fundar, skrifstofa mun gera kostnaðargreiningu á kostnaði skrifstofu áður en stjórn tekur afstöðu til málsins.

**Frestað**

## 8. Erindi frá skrifstofu HRFÍ

*Óskum eftir því að stjórn taki afstöðu til þess hvaða upplýsingar um eigendur deildir mega birta. Sumar deildir eru með gagnagrunna og vilja fá á hreint hvort þau megi birta fullt nafn eiganda, heimilisfang, netfang og/eða síma úr félagatali deildarinnar. Sumar deildir birta allt, aðrar sumt og enn aðrar engar upplýsingar um hundaeign félagsmanna og við eigum erfitt með að svara nákvæmlega hversu mikið eða lítið má birta opinberlega án þess að fá til þess leyfi eiganda.*

**Bókun frá síðasta stjórnarfund:**

**Stjórn samþykkti á síðasta stjórnarfund að fela framkvæmdastjóra að senda fyrirspurn til Persónuverndar um málið.**

**Svar frá framkvæmdastjóra HRFÍ:**

Í sambandi við fyrirspurn skrifstofu um hversu miklar/litlar upplýsingar deildir megi gefa upp þá fékk ég þau svör hjá Persónuvernd að eðlileg notkun á félagatali sem er ekki nýtt í hagnaðarskyni sé í lagi. Þau benda þó sérstaklega á 7.grein laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

<http://www.althingi.is/lagas/139b/2000077.html>

Ég fæ því ekki séð að birting hver er eigandi vissra hunda í félagatali deilda séu brot á neinum reglum né lögum, nema að eigandi tiltekins hunds óski sérstaklega eftir því að vera ekki skráður neinstaðar opinberlega.

## 9. Ársfundir ræktunardeilda og annarra deilda HRFÍ.

Samkvæmt lögum HRFÍ skulu ræktunardeildir halda ársfund í mars.

Deild/félag	fundur	árskýrsla/rekstrarreikningur
Chihuadeild	4. mars	skilað – vantar rekstrarreikning
Schnauzerdeild	12. mars	vantar
Schäferdeild	14.mars	skilað
Siberian Huskydeild	1. mars	skilað – vantar rekstrarreikning
Retrieverdeild	23. mars	skilað
Papillon- og phalénedeild	21. mars	skilað
Mjóhundadeild	25. mars	vantar
Shih Tzu deild	27. mars	vantar
Yorkshire terrier deild	28. mars	vantar
Vinnuhundadeild	10. febrúar	skilað
Svæðafélag Norðurlands	12. mars	skilað
Unglingadeild	13. mars	vantar
Ípróttadeild	26. mars	vantar

**Neðangreindar deildir hafa ekki haldið ársfund:**

Amerísk cocker spanieldeild	
Boxerdeild	
DÍF	3. apríl

Tíbet spanieldeild	9. apríl
Cavalierdeild	
Ensk cocker spanieldeild	
Fjár- og hjarðhundadeild	
Fuglahundadeild	3. apríl
Grefil- og sporhundadeild	
Írsk setterdeild	
PMF deild	
Spanieldeild	
Smáhundadeild	18. apríl
Spitzhundadeild	
St. Bernharðsdeild	
Terrierdeild	
Vorstehdeild	

Athuga að breyta upplýsingum/netföngum við kosningu nýrra stjórnarmanna í deildum.

#### 10. Rat terrier

**Sjö aðilar hafa sent inn erindi/áskorun til stjórnar HRFÍ um að gefa Rat Terrier hundakyninu undanþágu til að taka þátt á sýningum HRFÍ.**

Vegna fullyrðinga þessara aðila um að FKK mundi leyfa þetta hundakyn á sýningum sínum frá og með næsta hausti þá leitaði skrifstofa HRFÍ upplýsinga um það hjá FKK. Í svari Mr. Sampo Miettinen kemur fram að þessi fullyrðing ekki við rök að styðjast. Enda eru þetta sömu upplýsingar og formaður fékk á NKU fundi þann 6. febrúar sl.

Miðað við þessar upplýsingar þá mun stjórn HRFÍ ekki gefa undanþágu.

#### 11. Erindi frá stjórn Shih Tzudeildar

Stjórn deildarinnar hefur borist beiðni um undanþágu frá ræktunarbanni fyrir tvo hunda sbr. samkomulag sem gert var við stjórn HRFÍ 21. nóvember sl. [Fskj. A-2638](#)

#### 12. Tilnefning tveggja fulltrúa í starfshóp vegna vinnu við ný lög um velferð dýra.

Sæl öll

Það þarf að taka fyrir á næsta fundi ósk frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um að Hundaræktarfélagið tilnefni tvo aðila (karl og konu) til að vinna í starfshóp fyrir nýjum lögum um velferð dýra, ég mun leggja fram á fundinum póst þess efnis. [Fskj A-2639](#)

**Stjórn mun tilnefna tvo fulltrúa og nánar auglýsa það betur.**

#### 13. Augnskoðun 15. og 16. mars sl.

Skoðaðir voru 113 hundar 15. mars þar af 31 hundur á Akureyri.

Skoðaðir voru 115 hundar 16. mars í Reykjavík. Samtals 228 hundar.

Augnskoðunin fór fram í Klettagörðum. Finn Bøserup og Jens Knudsen frá Danmörku sáu um augnskoðun fyrir okkur þetta skiptið. Næsta augnskoðun verður haldin á sama tíma og maí sýninga félagsins, Susanne hefur samþykkt að koma.

#### 14. Erindi frá Vinnuhundadeild [Fskj A-2640](#)

Stjórn óskar eftir tillögum eða betri útfærslu á þessum fyrirspurnum, samanber námskeið fyrir dómara og nýliða. Prófdagsetningar eru samþykkt með fyrirvara um að ein dagsetning stangast á við sýningu félagsins og þarf að breyta. Stjórn mun boða vinnuhundadeild á fund í maí til að ræða þessi mál frekar.

#### 15. Erindi frá tveim dómurum innan vinnuhundadeildar [Fskj A-2641](#)

Breytingar á vinnuprófum til samræmis við Norsku reglurnar. Stjórn HRFÍ vísa málinu til vinnuhundadeildar til frekar vinnslu, stjórn er hlynnt því að endurskoða þessi mál en telur að ekki sé nægur tími til að breyta þessu í ár þar sem þýða þarf þessar reglur og birta með góðum fyrirvara á síðu félagsins.

## 16. Ársskýrsla frá stýrihópi skapgerðarmats HRFÍ Fskj A-2642

### 17. Tvö erindi frá Papillon- og Phalenedeild með tölvupósti þann 24. mars sl.

#### 1. Tillaga samþykkt á aðalfundi papillon-phalenedeildar 21. mars 2013.

„Lagt er til að reglan taki gildi 1. september 2013.

Ræktunardýr verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA 1 og niðurstöður kunnar fyrir pörun til að hvolpar fáiast skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman tvo arfbera PRA 1. Heimilt er þó að para PRA 1 arfbera við frían hund af PRA 1 (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P). Ef báðir foreldrar undaneldishunda eru fríir af PRA 1, þarf ekki að DNA prófa afkvæmi þeirra. Sýnataka þarf að fara fram hjá dýralækni eða stjórn deildarinnar, sem ber þá ábyrgð á framkvæmd sýnatöku og að örmerkjaaflestur sé réttur.

*Greinargerð:*

Tekist hefur að greina eitt gen af fleirum sem valda PRA í papillon-phalenehundum.

Gerir það ræktendum kleift að vera meira á varðbergi gagnvart þessum sjúkdómi og varast paranir sem geta gefið sýkta hunda af PRA. Þó er hér bara um eitt gen að ræða sem kallast PRA 1. Hversu mörg gen er um að ræða er ekki þekkt ennþá en vísindamenn gefa þó góðar vonir um að vitneskjan þokist nær.

Nú er þegar búið að greina sýni úr 29 hundum og greinast 26 frír af PRA 1, tveir eru berar og ein er sýktur af PRA 1 en þegar var vitað að hann var sýktur af PRA, en nú vitum við að hann er með þessa gerð af PRA.

Til að hvetja enn fleiri til að láta greina hunda sína telur aðalfundur nauðsynlegt að setja reglu, um að DNA greining á undaneldishundum hafi verið gerð og niðurstöður séu kunnar fyrir pörun. Með þessari tillögu teljum við að ræktunarstjórn sé að vinna að þeim markmiðum sem ræktunardeildum eru sett“

#### Samþykkt

#### 2. Tillaga um breytingu á reglum um augnskoðanir var samþykkt samhljóða á aðalfundi papillon-phalenedeildar 21. mars 2013.

„Eftirfarandi erindi óskast tekið fyrir á næsta fundi stjórnar HRFÍ :

Lagt er til að reglan taki gildi 1. september 2013.

Bætt verði inn í reglugerð um augnskoðanir:

Fyrir hunda 6 ára og eldri sem hafa farið í augnskoðun án athugasemda og í DNA próf fyrir PRA 1 með niðurstöðuna "Hreinn" (eða clear ), má vottorðið ekki vera eldra en 24 mánaða fyrir pörun.

*Greinargerð:*

Rökin fyrir þessari breytingu er sú að PRA í papillon hundum, sem er sá sjúkdómur sem við ræktendur höfum mestar áhyggjur af, kemur oftast fram fyrir 5 ára aldur. Það getur Finn Boserup staðfest. Hunda sem hafa farið reglulega í augnskoðun fyrir 5 ára aldur og farið í DNA próf fyrir PRA 1 ætti því ekki að þurfa að augnskoða eins og oft og þá yngri þar sem PRA sjúkdómurinn ætti að vera kominn fram. Hinsvegar er ekki æskilegt að hætta augnskoðun algjörlega eftir að 6 ára aldri er náð, þar sem aldurtengdir augnsjúkdómar geta greinst. “

#### Samþykkt

### 18. Önnur mál

- **Fulltrúaráðsfundur 10. apríl nk. kl.20:00– fundarboð sent út 27. mars.**
  - Stefnumótun
  - Fjárhagsáætlun kynnt
  - Önnur mál
- **Tölvukerfi – sbr. bókun síðasta stjórnarfundar**

Þorsteinn Þorbergsson kom og kynnti fyrir okkur hvernig staðan væri á tölvukerfinu, ákveðið var að hann, framkvæmdastjóri ásamt forritara mundu hittast fljótlega og fara yfir þessi mál og ákveða framhaldið.

- **Aðalfundur**  
**Fundi slitið kl.19.30**

*Sign: Jóna Th. Viðarsdóttir, Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Kristín Howser,  
Guðmundur A Guðmundsson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir*